

# Námskrá Sérdeildar Suðurlands

Setrið Sunnulækjarskóla

**Hæfniviðmið**

**Kennsluhættir**

**Námsmat**

2013-14





Sérdeild Suðurlands er deild í Sunnulækjarskóla á Selfossi og er í daglegu tali nefnd, Setrið í Sunnulækjarskóla.

Skólaárið 2013-14 stunda 20 nemendur nám í Setrinu og koma þeir úr fjórum heimaskólum á Suðurlandi.

Ný Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kallar á endurskoðun á inntaki og áherslum í kennslu og námsmati. Á þessu skólaári er stefnt að því að starfsfólk deildarinnar kynni sér vel þær áherslur sem birtast í nýrri Aðalnámskrá þannig að hægt verði að gera áætlun um innleiðingu hennar.

### **Stjórnun**

Deildin er rekin af Sveitarfélaginu Árborg samkvæmt samningi við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Skólastjóri Sunnulækjarskóla er yfirmaður deildarinnar og deildarstjóri sér um daglega stjórn. Sérstakt fagráð fundar 3 – 4 á ári um málefni deildarinnar og fer yfir umsóknir nýrra nemenda. Í fagráði sitja fulltrúi fræðslufirvalda Árborgar, fulltrúi frá Skólaskrifstofu Suðurlands, fulltrúi frá Þjónusturáði um málefni fatlaðra á Suðurlandi, fulltrúi frá SASS ásamt deildarstjóra og skólastjóra Sunnulækjarskóla.

### **Hlutverk**

Setrið þjónar nemendum af Suðurlandi sem falla undir lög um málefni fatlaðs fólks.

Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum með sérþarfir lögbundna þjónustu.

Þjónustan í Setrinu á að vera stuðningur við það námstilboð sem nemandinn fær í sínum heimaskóla. Allir nemendur í deildinni eru skráðir í sinn heimaskóla og flestir stunda þar nám með jafnöldrum og eru hluti af sínu samfélagi. Nemendur koma í Setrið hluta úr viku og fá sérhæfða þjálfun og kennslu ásamt því að fá tækifæri til að vera í hópi jafningja og eignast vini á nýjum grunni. Nemendur Sunnulækjarskóla sækja bekkjartíma hluta úr degi alla vikuna. Nemendur sem koma lengra að nýta sér gjarnan Skammtímavistun sem rekin er á vegum Þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi.


**Grunnþættir menntunar: í vinnslu**

**Lykilhæfni: í vinnslu**

**Teymisvinna**

<b>Persónulegar þarfir:</b> Félagsþjónusta Heilbrigðisþjónusta Ferðaþjónusta Hjálpartæki Aðlögun
<b>Áhugasvið:</b> Áhugamál Styrkleikar Annað
<b>Nám:</b> Skipulag náms Námsleiðir Væntingar nemenda Væntingar foreldra
<b>Tómstundir:</b> Frístundaklúbbur Íþróttastarf
<b>Framtíðarsýn:</b> Stoðþjónusta Réttindagæsla

Teymisvinna fagfólks í Setrinu og heimaskóla nemenda á að tryggja heildstæða skólagöngu barnsins. Samstarf við foreldra er forsenda þess að barnið geti notið sín í þessu tvískipta kerfi. Nemendateymið sem samanstendur af foreldrum og fagfólki vinnur teymisáætlun að hausti þar sem sett er niður fundaskipulag og upplýsingar um heilðræna þjónustu nemandans. Námskrá deildarinnar er grunnurinn að faglegri vinnu með nemandann. Metnaður er lagður í samræma vinnu við einstaklingsnámskrá í takt við námskrá deildarinnar, skólastarf í heimaskóla og áhugasvið og styrkleika hvers nemanda. Markviss námsefnisgerð fer fram í deildinni og á heimasíðu deildarinnar er hægt að nálgast fjölbreytt námefni og hugmyndir.



**Nemendaviðtal:**

Nemendaviðtal		
	Í skólanum er	Já    Nei
Leggja rækt við...		
Hvað finnst þér gaman?		
Í hverju eru góð/ur		
Hvað þarftu að auka?	<input type="checkbox"/> Að hlusta	<input type="checkbox"/> Að vera stundvís
	<input type="checkbox"/> Að sýna kurteisni	<input type="checkbox"/> Að vilta muninn á réttu og röngu
	<input type="checkbox"/> Að lesa	<input type="checkbox"/> Að nota lífvu í námi
	<input type="checkbox"/> Að reikna	<input type="checkbox"/> Að vera vinnur
	<input type="checkbox"/> Annað	
Hvernig líkur þér vel í skólanum? Hvernig er best að læra?		
Með hverjum finnst þér gott að læra?		
Hvernig heimsdóm finnst þér gaman að vinna?		
Nafn:		

Í upphafi skólaársins fara nemendur í nemendaviðtal þar sem þeim gefst kostur á að leggja mat á styrkleika sína og áhugasvið. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig um hvað þeir vilji leggja rækt við á skólaárinu og hvernig þeim finnst best að læra . Upplýsingar úr viðtalinu er skráðar inn í teymisáætlun nemandans.

**Einstaklingsnámskrá – nemendamiðuð námskrá**

Heiti kennslustundar			
Námssgrein	Hæfni - markmið		
Leiðir			
Kennsluhættir	Vinnustýring      Námsgögn		
Námsmat			
	1.önn	2.önn	3.önn
Námsmatsaðferðir			
Vitnisburður			

Skráð er niður hvaða hæfni – markmiðum er verið að vinna að í hverri kennslustund þar sem unnið er með margar námssgreinar samhliða. Lýsing á kennsluháttum, vinnustýringu og námsgögnum gefur góðar upplýsingar um þá aðlögun sem nemandinn þarf til að ná árangri í náminu. Heimaskólinn setur niður markmið fyrir þær námssgreinar sem kenndar eru í heimaskólanum og ber ábyrgð á námsmati á þessum markmiðum.


## Vinnukerfið Áttavitinn



Áttavitinn tryggir viðeigandi aðlögun á námsumhverfi, námsefni og miðlun. Áttavitinn hjálpar nemendum að skipuleggja þekkingarleit sína og vinna úr upplýsingum. Áttavitinn tekur mið af þörfum hvers nemanda og getur því verið í fjölbreyttu formi. Áttavitinn segir til um hvaða verkefni á að vinna, hvenær og hversu mikið.

Áttavitinn skapar öryggi og ýtir undir sjálfstæða hugsun og vinnubrögð.

## Uppbygging



Sunnulækjarskóli er skóli margbreytileikans sem hefur valið að nota **Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsgaga** sem leiðarvísir til að ná að mæta ólíkum þörfum nemenda. Diane Gossen er upphafsmaður þessara nálgunar sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn nemenda og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum.

## ART – Þjálfun



ART (Aggression replacement training) byggir á þremur grunnflokkum: Félagsfærni, sjálfstjórn og siðgæði. Þessi hugmyndafræði er fléttuð inn í allt skólastarf deildarinnar þar sem nemendur eru markvist að æfa sjálfstjórn sína og félagsfærni.

### Starfatorg



**Verkefni í Starfatorgi**



- Aðstoð í mötuneyti
- Aðstoð í smiðjum
- Vinur í frímínútum
- Aðstoð í yngri bekkjum
- Aðstoð í Setri
- Aðstoða húsvörð
- Aðstoða ritara
- Aðstoð á bókasafni
- Aðstoð á Skólavistun







Sjálfboðaliðar í Starfatorgi gefa tíma sinn og vinnu til samfélagslegs verkefnis í skiptum fyrir tækifæri til að auka þroska sinn, reynslu og menntun.

Nemendur í 9. – 10 .bekk taka að sér ýmis störf innan skólans eins og aðstoð í mötuneyti, aðstoða húsvörð og ritara, aðstoða í yngri bekkjum, frímínútum, list- og verkgreinum eða í útikennslu.

### Námsmat og vitnisburður



Námsmat fer fram þrisvar á skólaárinu og er það unnið í samvinnu við heimaskóla. Á fyrstu önn er lögð áhersla á umsögn kennara/proskapjálfa og sjálfsmat nemenda í félagsfærni. Á annarri önn er markmið í íslensku og stærðfræði metin og niðurstaða skráð á gátlista. Á þriðju önn eru markmið í

öllum námsgreinum metin, niðurstaða skráð á gátlista ásamt umsögn

kennara/proskapjálfa. Nemendur gera sjálfsmat og könnunarverkefni, kennarar skrá á

markmiðalista. Gagnlegum upplýsingum er miðlað til nemenda og foreldra. Lýsandi

endurgjöf sem hjálpar þeim í náminu. Meta hversu langt nemandinn er kominn í ferðalagi


markmiðanna. Boðað er til sameiginlegra foreldrafunda á foreldradögum heimaskóla eða

Sunnulækjarskóla.

## ■ Íslenska

Megináhersla er lögð á að nemendur nái góðu valdi á að tjá sig um sínar þarfir og langanir munnlega eða með táknum, geti nýtt lestur orða, mynda, tákna til að afla upplýsinga og öðlist færni í að koma frá sér skilaboðum í ritmáli eða með táknumyndum.

### Það sem barn þarf til að geta lesið:



Smith, Sally (1981).

Íslenskukennslan er miðuð við stöðu hvers og eins þannig að nemendur fái viðfangsefni við hæfi. Sérstaklega er hugað að námsþörfum nemendum sem nýta önnur tjáskiptaform, s.s. Bliss eða Pecs tjáskiptakerfin, með einstaklingsmiðaðri námsefnisgerð.


Í lestrarkennslu eru hugmyndir úr hljóða – og orðaaðferðum samnýttar effir því hvað hentar hverjum nemanda. Efnistöð í íslensku miðaðst við áhugasvið nemenda, lífsleiknmarkmið og samþætt markmið í samfélags- náttúru- og kristinfræði.



**Námsleiðir:**

Námsleiðir eru fjölbreyttar í anda hugmynda Howard Gardner.

Einstaklingsmiðað nám snýst um að mæta nemendum þar sem styrkleikar þeirra liggja og gefa um leið tækifæri á að rækta og styrkja önnur þroskasvið með fjölbreyttum og tilgangsríkum verkefnum.




**Kennsluskipulagið er með þessum hætti:**

Skóladaðurinn hefst á samveru þar sem nemendur ræða saman.

Tæknipjálfun hefst þar sem nemendur eru á 30 mínútna stöðvum í tjáningu, lestrarstöð og kennsluforritum. Nemendur fara á 2 stöðvar á dag.

Tjáskiptasmiðja er 4 tíma á viku en þar spila nemendur saman, leysa þrautir og vinna að skapandi verkefnum.

Áætlunartímarnir eru í lok dagsins og þá vinna nemendur effir skriflegri áætlun og áhersla er lögð á að nemendur lesi í lestrarbók og vinni skrifleg verkefni.



**Langtímamarkmið:**

Einstaklingsnámskrá hvers nemanda inniheldur þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem skilgreina hvaða færniatriði á að stefna að á hverju skólaári. Mikilvægt er að markmið þekkingar og leikni leggi grunn að hæfni nemandans til að takast á við raunveruleg verkefni í lífinu.

Hópur	Þekking	Leikni	Hæfni
1.	Að nemandi afli sér þekkingar á stafsetningar- og málfræðireglum ásamt þekkingu á bókmenntum.	Að nemandi öðlist leikni í að skrifa texta frá eigin brjósti og lesa sér til gagns.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt t.d. við yndislestur, lestur fróðleiks á netinu eða í dagblöðum og til að tjá sig í rituðu máli.
2.	Að nemandi afli sér þekkingar á hljóðum bókstafa, reglum sem nýtist við ritun og völdum sögum.	Að nemandi öðlist leikni í að lesa lengri orð og skrifa orð með því að hljóða sig áfram.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt til að lesa til skilning t.d. stundatöfluna og lesefni ásamt því að vinna með texta úr eigin lífi.
3.	Að nemandi afli sér þekkingar á bókstöfum og hljóðum þeirra, þekki algengar orðmyndir og þekki til ævintýra.	Að nemandi öðlist leikni í að tengja saman hljóð stafa svo úr verði lesið og skrifað orð.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt til að lesa til skilning t.d. stundatöfluna og myndrænt lesefni ásamt því að geta skrifað orð sjálfstætt.
4.	Að nemandi afli sér þekkingar á bókstöfum og hljóðum þeirra, þekki algengar orðmyndir og þekki til ævintýra.	Að nemandi öðlist leikni í að þekkja orðmyndir og að tengja saman hljóð stafa svo úr verði lesið og skrifað orð.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt til að lesa til skilning t.d. stundatöfluna og orðmyndir ásamt því að geta skrifað bókstafi sjálfstætt eftir hljóðum þeirra.
5.	Að nemandi afli sér þekkingar á tákmyndum í umhverfinu og myndum sem tengjast daglegu lífi.	Að nemandi öðlist leikni í að tjá sig um þarfir sínar og áhugamál með aðstoð mynda.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi t.d. til að gera sig skiljanlegan og til að geta unnið innihaldsrík verkefni í skólanum.

<ul style="list-style-type: none"> <li>■ <b>Íslenska</b></li> </ul>
<b>Málörvun</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Skilji að hlutir og persónur eigi nafn</li> <li>■ Læri orð, hugtök og tákni yfir algengustu hluti og athafnir sem tengjast daglegu lífi hans.</li> <li>■ Skilur staðsetningarhugtök: hægri, vinstri, fram, aftur, undir, yfir, til hliðar, inn í, út úr, framan, aftan</li> <li>■ Geti greint hljóð í umhverfinu</li> <li>■ Skilur eiginleikahugtök: hratt, hægt, stutt, langt, litill, stór, breitt, mjótt</li> <li>■ Skilur tilfinningahugtök: gleði, sorg, reiði, leiði</li> <li>■ Lesi atburðarás úr teikningum /myndasögum</li> <li>■ Lesi myndræna stundaskrá/stýringu</li> <li>■ Kynnist rími og hrynjandi, bókstöfum, orðum og setningum</li> <li>■ Skilur tengsl talaðs máls og ritmáls</li> <li>■ Þjálfar minni: sjónrænt, heyrnrænt, raðminni</li> <li>■ Geti klappað samstöfur</li> </ul>
<b>Lestur</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Þekki lesáttina</li> <li>■ Þekki einstaka stafi og hljóð</li> <li>■ Geri greinarmun á litlum og stórum stöfum</li> <li>■ Geti tengt saman hljóð bókstafa svo úr verði orð</li> <li>■ Geti sundurgreint hljóð bókstafa: fremst, aftast, í miðju</li> <li>■ Læri að þekkja algengar orðmyndir</li> <li>■ Lesi léttan texta, án samhljóðasambanda</li> <li>■ Lesi orð með tvöföldum samhljóða og samhljóðasambönd</li> <li>■ Lesi með réttum áherslum</li> <li>■ Auki lestrarhraða</li> <li>■ Sýni skilning á innihaldi lestexta með endursögn</li> <li>■ Geti svarað spurningum um innihald munnlega og skriflega</li> <li>■ Lesi sér til ánægju og gagns</li> </ul>
<b>Talað mál og framsögn</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>■ Geti borið fram öll íslensk málahljóð</li> <li>■ Geti tjáð sig í heilum setningum</li> <li>■ Geti sagt frá atburðum í tímaröð</li> <li>■ Tjái sig munnlega í samskiptum</li> <li>■ Geti sagt frá hlutum og persónum</li> </ul>

<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Geti komið vel fyrir sig orði og svarað spurningum munnlega</li> <li>▪ Geti haldið uppi samræðum</li> </ul>
<b>Hlustun og áhorf</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Hlusti á fyrirmæli og skilji þau</li> <li>▪ Hlusti á upplestur bæði sem kennari les og sem fluttur er á annan hátt</li> <li>▪ Njóti þess að hlusta á hljóðsögur</li> <li>▪ Fylgist með umræðum og taki þátt í þeim.</li> <li>▪ Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á.</li> </ul>
<b>Fínhreyfingar</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Seti þumal í lófa</li> <li>▪ Þumalfingur snerti hina fingurna í takt</li> <li>▪ Kroti (sikk-sakk mynstur)</li> <li>▪ Teikni einföld form og táknmyndir</li> <li>▪ Spori eftir línunum</li> <li>▪ Liti innan lína</li> <li>▪ Teikni sjálfsmynd</li> <li>▪ Hreyfi hönd frá úlnlið í notkun skriffæra</li> <li>▪ Klippi eftir línunum</li> <li>▪ Límir mynd/límmiða á línu, punktaröð, reit</li> <li>▪ Teikni krossa með báðum höndum í einu</li> <li>▪ Teikni samhverfar tröppur með báðum höndum í einu</li> </ul>
<b>Ritun</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Sitji rétt við borð fætur á gólfi og framhandleggur á borðplötu</li> <li>▪ Haldi rétt á skriffæri</li> <li>▪ Þekki skriftaráttina</li> <li>▪ Geti sporað stór og smá form og bókstafi</li> <li>▪ Dragi rétt til stafs</li> <li>▪ Geti skrifað eftir forskrift</li> <li>▪ Geti skrifað bókstafi eftir hljóðum þeirra</li> <li>▪ Geti ritað persónuupplýsingar á eyðublað: nafn, heimilisfang, kt, sími, nöfn foreldra og systkina.</li> <li>▪ Geti skrifað eftir upplestri</li> <li>▪ Geti skrifað eigin texta</li> </ul>

<b>Bókmenntir</b>
▪ Að efla málskilning á hugtökum og merkingu orða
▪ Geti flokkað saman myndir úr ævintýrum
▪ Þekki einfalt myndmál
▪ Njóti þess að hlusta á sögur og ljóð
▪ Læri söngtexta
▪ Geti valið sér bók á bókasafni
▪ Þekki valdar íslenskar þjóðsögur m.a. úr heimabyggð
▪ Þekki og noti hugtök eins og söguþráður, söguhetja og sögulok.
▪ Þekki til nokkurra íslenskra rithöfunda sem hafa skrifað fyrir börn og unglinga
▪ Þekki algeng orðtök og málshætti
<b>Málfræði</b>
▪ Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
▪ Geti sundurgreint og sameinað orðhluta í samsettum orðum
▪ Átti sig á mismunandi lengd orða
▪ Geti greint fyrsta, síðasta og miðhljóð í orðum.
▪ Átti sig á hugtakinu setning (að setningar eru mislangar)
▪ Kunni stafrófið og geti notað það.
▪ Þekki helstu greinarmerki: punktur, komma, spurningamerki
▪ Þekki helstu hugtök í málfræði:
▪ Samheiti og andheiti
▪ Þekki orðaflokka
▪ Eintala og fleirtala
▪ Nútíð og þátíð
▪ Kyn orða
▪ Kunni helstu beygingar
▪ Þekki helstu stafsetningarreglur:
▪ Stór stafur á eftir punkti
▪ Stór stafur í sérnöfnum
▪ Nota tvöfalda samhljóða
▪ Geti flett upp í orðabók


## Stærðfræði

Fyrsta stærðfræðireynsla barna er tengd við daglegt líf, leiki, spil og önnur áhugamál. Fyrst og fremst er lögð áhersla á þau svið stærðfræðinnar sem geta komið nemendum að notum í daglegu lífi þeirra. Kenndar eru helstu reikningsaðgerðir og notkun á vasareikni. Stefnt er að því að nemendur geti notað peninga í sínu lífi, tileinki sér ýmsar mælingar og læri á klukku. Leiðirnar í stærðfræðináminu þurfa að vera sem mest samofnar daglegu lífi ásamt beinni þjálfun í reikningsaðgerðum. Stærðfræðikennslan fer fram á fjölbreyttan hátt. Unnið er m.a. í stöðvarþjálfun í litlum hópum.

### Námsleiðir:

Námsleiðir eru fjölbreyttar í anda hugmynda Howard Gardner.

Einstaklingsmiðað nám snýst um að mæta nemendum þar sem styrkleikar þeirra liggja og gefa um leið tækifæri á að rækta og styrkja önnur þroskasvið með fjölbreyttum og tilgangsríkum verkefnum.



**Kennsluskipulagið er með þessum hætti:**

Í samveru spá nemendur í tímann með því að skrá niður mánaðar- og vikudag.

Í Tæknipjálfun eru tvær stöðvar sem vinna með stærðfræði. Annars vegar þrautþjálfun þar sem nemendur leysa þrautir og æfa sig í reikningsaðgerðum og hinsvegar þjálfun nemendur leikni í stærðfræði með kennsluforritum.

Í peningþjálfun vinna nemendur með peningaverkefni og læra á klukku.

Í listasmíðu fá nemendur tækifæri til að æfa sig í að mæla og meta.

Í áætlunartímum í lok dags vinna nemendur í stærðfræðibókum og heftum og læra að nýta sér hjálpartæki til að geta unnið sjálfstætt.





**Langtímamarkmið:**

Einstaklingsnámskrá hvers nemanda inniheldur þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem skilgreina hvaða færniatriði á að stefna að á hverju skólaári. Mikilvægt er að markmið þekkingar og leikni leggi grunn að hæfni nemandans til að takast á við raunveruleg verkefni í lífinu.

Hópur	Þekking	Leikni	Hæfni
1.	Að nemandi afli sér áframhaldandi þekkingar í helstu þáttum stærðfræðinnar og vinni með súlurit.	Að nemandi öðlist leikni í að nýta sér þær aðgerðir sem hann kann og á við hverju sinni.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi t.d. við innkaup og vita hvað tímanum líður.
2.	Að nemandi afli sér áframhaldandi þekkingar í grunnþáttum stærðfræðinnar og vinni með margföldun og deilingu	Að nemandi öðlist leikni í að nýta sér þær aðgerðir sem hann kann og á við hverju sinni.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi.
3.	Að nemandi afli sér áframhaldandi þekkingar í tölutáknum, tugakerfi, peningum, mælingum og tímaskilning.	Að nemandi öðlist leikni í að nýta sér þær aðgerðir sem hann kann og á við hverju sinni.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi t.d. í meðhöndlun á peningum og vita hvað tímanum líður.
4.	Að nemandi afli sér frekari þekkingar í talnaskilning, peningum, mælingum og tímaskilning.	Að nemandi öðlist leikni í að reikna einföld dæmi án hjálpargagna.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi t.d. í meðhöndlun á peningum og vita hvað tímanum líður.
5.	Að nemandi afli sér þekkingar í grunnþáttum stærðfræðinnar og kynnist peningum.	Að nemandi öðlist leikni í að þekkja tölutákn og reikna einföld dæmi.	Að nemandi geti nýtt hæfni sína á hagnýtan hátt í daglegu lífi t.d. til að versla.

## ■ Stærðfræði

### Undirstöðuhugtök

#### ■ Venslahugtök:

- ➔ Stærð: stór, lífill, stærstur, minnstur, stærri en, minni en og jafnstór
- ➔ Lengd: langur, stuttur, jafnlangur, lengstur, styttri en, síður.
- ➔ Hæð: hár, lægstur.
- ➔ Þykkt: þykkur, þynnstur, þröngur, víður, breiður, mjór, sver, grannur
- ➔ Þyngd: þyngri, léttari
- ➔ Fjöldi: flestir, fáir, fleiri en færri en, jafn margir
- ➔ Massi (magn): mikið, minnst, jafn mikið, lítið, mest, engin

#### ■ Röðunarhugtök:

- ➔ Röðun: á undan, á eftir, fyrsti, annar, fyrstur, síðastur, í miðjunni, næstur á undan, næstur á eftir, fyrir framan, fyrir aftan

#### ■ Formhugtök:

- ➔ **Form:** hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, kubbur, teningur, kúla

### Undirstöðu- vinnubrögð:

#### ■ Þörun:

- ➔ Pari saman hluti sem heyra saman á einn eða annan hátt
  - Hlut og hlut
  - Mynd og mynd
  - Hlut og mynd
  - Hluti eða myndir af hlutum sem tengjast t.d. blóm og vasi
  - Hluti eða myndir af hlutum með sömu eiginleika s.s. stærð, lögun, lit
  - Hluti eða myndir af hlutum sem eru andstæður

#### ■ Flokkun:

- ➔ Flokki hluti og myndir undir ýmiskonar almenn hugtök t.d. notkun, staðsetningu
- ➔ Flokki hluti og myndir eftir einum eiginleika t.d. stærð, lögun, lit, áferð
- ➔ Flokki hluti og myndir eftir tveimur eða fleiri eiginleikum
- ➔ Beri saman tvo hluti eftir ákveðnum eiginleika og geti sagt hvor hluturinn er t.d. stærri, lengri, breiðari (aðgreining)

#### ■ Röðun:

- ➔ Raði hlutum og myndum eftir eiginleikum
- ➔ Hermi eftir uppröðuðum mynstrum
- ➔ Búi til raðir eftir ákveðnu mynstri (stærð, lögun, tími, verðleikum, tilfallandi)
- ➔ Finni út reglu sem ákveðin röð byggist á

➔ Staðsetji hluti rétt í ákveðinni röð
<b>Fyrsta þrep</b>
<b>Talning, tölur og tugakerfi:</b>
➔ Geti talið upphátt upp í 5.
➔ Geti talið upphátt upp í 10.
➔ Geti talið upphátt upp í 20.
➔ Þekki tölutáknin 0-5.
➔ Þekki tölutáknin 6-10.
➔ Þekki tölutáknin 11-20.
➔ Geti talið 0-5 hluti.
➔ Geti talið 6-10 hluti.
➔ Geti talið 11-20 hluti.
➔ Geti skrifað tölutáknin 0-5.
➔ Geti skrifað tölutáknin 6-10.
➔ Geti skrifað tölutáknin 11-20.
➔ Þekki mismunandi útlit sömu tölu.
➔ Geti parað saman fjölda við tölustaf 0-5.
➔ Geti parað saman fjölda við tölustaf 6-10.
➔ Geti parað saman fjölda við tölustaf 11-20.
<b>Talnalína</b>
➔ geti raðað tölum í rétta röð 0-5.
➔ geti raðað tölum í rétta röð 6-10.
➔ geti raðað tölum í rétta röð 11-20.
➔ geti fyllt inn í eyður á talnalínu 0-5.
➔ geti fyllt inn í eyður á talnalínu 6-10.
➔ geti fyllt inn í eyður á talnalínu 11-20.
<b>Samlagning</b>
➔ Geti sameinað tvo söfn hluta og sagt til um heildarfjölda
➔ Skilji hugtökin bæta við, leggja saman og samtals
➔ Þekki orðin samlagning og plús
➔ Þekki merkin + og =
➔ Geti reiknað samlagningardæmi 0-5 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað samlagningardæmi 6-10 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað samlagningardæmi 11-20 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað einföld samlagningadæmi án hjálpargagna

<b>Frádráttur</b>
➔ geti tekið ákveðinn fjölda úr safni hluta og sagt rétt til um afganginn
➔ Skilji hugtökin taka af, draga frá og afgang
➔ Þekki orðin frádráttur og mínus
➔ Þekki merkið – (mínus)
➔ Geti reiknað frádráttardæmi 0-5 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað frádráttardæmi 6-10 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað frádráttardæmi 11-20 með hjálpargögnum
➔ Geti reiknað einföld frádráttardæmi án hjálpargagna
<b>Peningar</b>
➔ Geti flokkað seðla og myntir eftir útliti
➔ Geti bent á umbeðna mynt
➔ Geti bent á umbeðinn seðil
<b>Klukka</b>
➔ Þekki heila tímann á skífuklukku
➔ Þekki hálfa tímann á skífuklukku
<b>Vasareiknir</b>
➔ Þekkir merkin á vasareikni +/-=

## Annað þrep

<b>Talning, tölur og tugakerfi:</b>
➔ Geti talið upphátt upp í 50
➔ Geti talið upphátt upp í 100.
➔ Þekki/lesi tölutáknin upp í 50.
➔ Þekki/lesi tölutáknin upp í 100.
➔ Skrifi tölutáknin upp í 30, 40, 50, 100.
➔ Telji smáhluti upp í 50, 100
➔ Telji 10, 20, 30 að 100
➔ Telji afturábak frá 10 (20)
➔ Telji 2, 4, 6 að 20
➔ Telji 5, 10, 15,
➔ Geti lesið tveggja stafa tölur, þriggja stafa tölur
➔ Skilji hugtökin tugur og eining
➔ Geti sett hjálpargögn og tölur í talnahús með einingu og tugum og hundruðum.

<b>Talnalína</b>
➔ Geti raðað tölum í rétta röð 30-100.
➔ Geti fyllt inn í eyður á talnalínu 30-100.
➔ Geti raðað tölum að handahófi í rétta stærðarröð.
➔ Geti sagt rétt til um hvaða tölur eru á undan og eftir tiltekinni tölu 0 – 100
<b>Samlagning</b>
➔ Geti reiknað samlagningardæmi í huganum
➔ Geti myndað mismunandi plúsheiti sömu tölu
➔ Skilji og nýti sér víxlregluna
➔ Geti fundið óþekktu stærðina í samlagningu
➔ Geti lagt saman fleiri en tvær tölur
➔ Geti lagt saman tveggja stafa tölur án þess að geyma
➔ Geti sett upp dæmi með eins, tveggja og þriggja stafa tölum, raðað í rétt sæti
➔ Kunni að geyma
<b>Frádráttur</b>
➔ Reikni frádráttardæmi
➔ Dragi frá tveggja stafa tölu (uppsett) án þess að taka til láns
➔ Dragi frá tveggja stafa tölu (uppsett) með því að taka til láns
➔ Geti sett upp frádráttardæmi
➔ Taki til láns
<b>Peningar:</b> Að þekkja mynt/seðla
➔ Geti flokkað seðla og myntir eftir útliti
➔ Geti bent á umbeðna mynt
➔ Geti bent á umbeðinn seðil
➔ Þekki heiti seðla og mynda
➔ Viti hvaða myntir hafa minnst/mest verðgildi
➔ Viti hvaða seðlar hafa minnst/mest verðgildi
<b>Myntir:</b>
➔ Telji krónur upp í 10
➔ Telji 5 krónur og nokkrar krónur í viðbót
➔ Telji 10, 11, 12 og áfram
➔ Geti skipt 5 kr., 10 kr. og 20 kr. í krónur
➔ Telji 10, 20, 30
➔ Telji 100, 200, 300
➔ Geti skipt 50 og 100 kr. í 10 kr.
➔ Telji 50, 51, 52

<b>Þriðja þrep</b>	
<b>Talning, tölur og tugakerfi:</b>	
➔	þekki/lesi tölutáknin upp í 100, 1000, 10000
➔	skrifi tölutáknin upp í 100, 1000, 10000
➔	skilji út á hvað tugakerfið gengur
<b>Talnaína:</b>	
➔	geti sagt rétt til um hvaða tölur eru á undan og eftir tiltekinni tölu 100-1000
➔	geti sagt rétt til um hvaða tölur eru á undan og eftir tiltekinni tölu 1000-10000
<b>Samlagning:</b>	
➔	geti sett upp dæmi með þriggja og fjögurra stafa tölum, raðað í rétt sæti
➔	áttar sig á því hvenær á að nota samlagningu í orðadæmum
➔	kunni að geyma með þriggja stafa tölum og hærri
<b>Frádráttur:</b>	
➔	dragði frá þriggja stafa tölu (uppsett) með því að taka til láns
➔	taki til láns yfir 0
➔	geti sett upp frádráttardæmi
➔	áttar sig á því hvenær á að nota frádrátt í orðadæmum
<b>Peningar: myntir/seðlar</b>	
➔	geti skipt 500 kr. og 1000kr. í hundraðkalla.
➔	geti skipt 1000 kr. í fimmhundraðkalla.
➔	geti skipt 2000 kr. og 5000kr. í þúsundkalla
➔	geti skipt 100 kr, 200 kr. o.s. frv. í fimmtíukalla
<b>Verðskyn:</b>	
➔	geti fundið ódýrustu vöruna innan ákv. vöruflokks í verslun.
➔	geti fundið verð á ákveðinni vöru í verðlista eða verslun
<b>Að borga:</b>	
➔	telji saman myntir og seðla að 10000
➔	geti tekið ákveðna upphæð og sett hana fram á mismunandi hátt.
➔	geti keypt fyrir ákveðna upphæð og borgað nákvæmt.
➔	gefi til baka af 500, 1000, 5000 kr.
<b>Margföldun</b>	
➔	skilji margföldunartöfluna 0-10.
➔	geti margfaldað eina tölu með einni tölu.

➔ geti margfaldað tveggja stafa tölu með einni tölu.
➔ geti margfaldað tveggja eða þriggja stafa tölu með tveggja stafa tölu.
➔ geti margfaldað með 10, 100 og 1000.
<b>Deiling:</b>
➔ Skilji að með deilingu er verið að skipta tilteknum fjölda í fleiri hluta.
➔ Átti sig á samhengi milli margföldunar og deilingar.
➔ geti deilt í lágar tölur
➔ geti sett upp og reiknað dæmi þar sem eins stafs tölu er deilt í tveggja og þriggja stafa tölu.
➔ geti deilt í hærrí tölur og sagt til um afgang
<b>Mælingar:</b>
➔ mæli í mm með reglustiku
➔ viti hvenær eru notaðar mælieiningarnar mm, cm, m, km.
➔ þekki skammstafanirnar mm, cm, m, km, dl, l, g, kg
➔ þekki brotin $\frac{1}{2}$ og $\frac{1}{4}$
<b>Klukka:</b>
➔ lesi af nákvæmni á skífuklukku
➔ geti lesið skrifaðan tíma t.d. 8:50 á stundatöflu og auglýsingum
<b>Tölulegar upplýsingar:</b>
➔ geti sett tölur upp í súluriti
➔ geti borið saman tölur í súluriti
➔ geti sett tölur upp í línuriti
➔ geti borið saman tölur í línuriti
<b>Vasareiknir:</b>
➔ geti nýtt sér vasareiknir við úrlausnir á orðadæmum sem innihalda samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu


## Lífsleikni

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er meginmarkmið lífsleiknikennslu í grunnskólum að efla alhliða þroska nemandans. Í sérdeildinni er lögð áhersla á að nemendur geti orðið virkir þátttakendur í samfélaginu. Hæfni í samskiptum og skipulegum vinnubrögðum er því markvisst þjálfuð samhliða því að styrkja sjálfsmynd hvers og eins. Lífsleikniþjálfun er samofin öllu skólafarfinu og er sá hluti nefndur skólafærni. Í lífsleiknitímum á stundaskrá unnið sérstaklega með samskiptaþjálfun.

### Námsleiðir:

Námsleiðir eru fjölbreyttar í anda hugmynda Howard Gardner.

Einstaklingsmiðað nám snýst um að mæta nemendum þar sem styrkleikar þeirra liggja og gefa um leið tækifæri á að rækta og styrkja önnur þroskasvið með fjölbreyttum og tilgangsríkum verkefnum.





**Kennsluskipulagið er með þessum hætti:**

Í samveru fá nemendur tækifæri til að ræða saman um hlutverk sín og sáttmála skólans. Í tjáningu fara nemendur í margskonar leiki til að þjálfa skipulagða framsögn. Í tölvutímum þjálfast nemendur í að nýta nútímatækni og í lestrarnáminu er lögð á að nemendur lesi sér til fróðleiks um lífleiknitengd viðfangsefni. Í SÁTT smiðju vinna allir saman í hóp að sameiginlegu verkefni og í Listasmiðju fá nemendur tækifæri til að vinna með sín áhugasvið og styrkleika. Í áætlunartímum er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.




**Lífsleikni**
**Að byrja í skóla**

- Öðlist öryggi í skólaumhverfinu og rafi um það
- Kynnist skólahúsnæðinu og starfsfólki skólans
- Fræðist um hlutverk einstakra starfsmanna og starfsheiti þeirra s.s. ritari, skólastjóri, húsvörður, hjúkrun
- Læri að lesa stundaskrá og átti sig á daglegu skipulagi í skólanum
- Læri um reglur sem gilda í skólanum og á skólalóð
- Læri að fara með starfsmanni eða hópi milli staða í skólanum
- Kynnist áhöldum sem notuð eru í skólastarfinu s.s. blýantur, tafla, heftari
- Þekki sérstakar merkingar og táknmyndir á hurðum, veggjum o.s. frv.

**Skólafærni**

- Mætir á réttum tíma í kennslustundir
- Passar/þekkir eigur sínar
- Fari vel með eigur annarra og geti tekið ábyrgð á þeim
- Kemur sér að verki
- Sækir námsgögn í skólatösku
- Getur unnið sjálfstætt
- Getur unnið með öðrum
- Vinnur þrátt fyrir truflun
- Heldur athygli
- Hættir verki á tilsettum tíma
- Sættir sig við breytingar á venjum
- Skilur tilgang reglna
- Getur farið eftir skráðum og óskráðum reglum
- Getur leyst verkefni út frá fyrirmælum
- Tekur þátt í leik
- Virðir reglur um það sem er leyft og bannað í kennslustofunni
- Getur gengið frá námsgögnum og leikföngum í skólastofunni
- Situr rétt við kennsluborð
- Kemur inn þegar hringt er
- Geti fylgt hópi og farið eftir reglum og fyrirmælum í stuttum gönguferðum
- Þekkir kennileyti umhverfis skólann

■ Þekki sinn skólabíl/bílstjóra
■ Skilar sér í og út bíl við skólann
■ <b>Borðhald</b>
■ Læri borðsiði s.s. að sitja kyrr og bíða
■ Borði nesti sitt snyrtilega
■ Henda rusli í ruslatunnur
■ Noti hnífapör rétt
■ Geti tekið þátt í borðhaldi við ólíkar aðstæður
■ Gengur frá eftir máltíðir og þakkar fyrir sig
■ <b>Umgengni og kurteisi</b>
■ Gengur vel um námsgögn
■ Getur gengið frá námsgögnum og leikföngum í skólastofunni
■ Hengir upp og gengur frá útifötum og skóm
■ Setur töskur (skólatösku/íþróttatösku) á viðeigandi staði
■ Grípa ekki fram í fyrir öðrum
■ Kunna að fara í röð og bíða eftir að röðin komi að sér
■ Gangi rólega og hljóðlega um gangi skólans
■ Sýna almenna kurteisi
■ Veitir öðrum aðstoð þegar við á
■ Býður fram aðstoð
■ <b>Sjálfhjálp</b>
■ Klæðir sig í og úr skóm
■ Klæðir sig í og úr yfirhöfnum
■ Kann að renna, smella, hneppa, reima
■ Getur bjargað sér sjálfur á klósetti
■ Kunna að þvo sér um hendur
■ Læri að nota dömubindi og gæta hreinlætis varðandi blæðingar
■ Þekki og geti notað svitakrem, andlitskrem, sólarvörn
■ Læri að meta þörf fyrir réttan klæðnað;
■ <i>Hrein föt</i>
■ <i>Óhrein föt</i>
■ <i>Of lítil föt</i>
■ <i>Viðeigandi föt miðað við árstíð, aðstæður, veður og viðburði</i>

■ Kunna að hirða neglur
■ Kunna að nota tannþráð, tannbursta, flúorskol
